

Föstudagur 17. febrúar

DV



18.00 Gosi (8). (Pinocchio). Teikni-myndaflokkur um ævintýri Gosa. Leikráddir Órn Arnason. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. 18.25 Kátir krakkar (The Vid Kids). Fyrsti þáttur. Kanadískur myndaflokkur í þrettán þáttum. Um er að ræða sjálfstæða dans- og söngvaþætti með mörgum af þekktustu dönsurum Kanada. Þýðandi Reynir Harðarson. 18.50 Táknmálsfréttir. 18.55 Austurbælingar. Sextándi þáttur. Breskur myndaflokkur í léttum dúr. Þýðandi Kristmann Eirsson. 19.25 Búabyggð. Breskur teikni-myndaflokkur úr smíðu Jims Henson. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. 19.54 Ævintýri Tinna Krabbinn með gullnu klærnar. (1) 20.00 Fréttir og veður. 20.35 Spurningakeppi framhalds-skólanna Þriðji þáttur. Mennta-skólinn í Kópavogi gegn Flensborgarskóla. Stjórnandi Vernharður Linnét. Dómar Páll Lýsson. 21.15 Þingsjá. Umsjón Ingimar Ingimarsson. 21.35 Derrick. Þýskur sakamála-myndaflokkur með Derrick lög-regluforingja. Þýðandi Kristrún Þórdardóttir. 22.35 Krossavík (Cross Creek). Bandarísk bíomynd frá 1983. Leikstjóri Martin Ritt. Aðalhlutverk Mary Steenburgen, Rip Torn, Peter Coyote og Alfie Woodard. Myndin er byggð á endurminningum rithöfundarins Marjorie Kinnan Rawling. Árið 1928 ákveður ung kona að flytja ys og þýs stórborgarinnar og flytjast til óbyggða Florida. Hún vonar að umskiptin verði til þess að henni takist að semja ritverk sem falli útgefanda hennar í geð. Þýðandi Ólaf Pétursdóttir. 00.30 Útvarpsfréttir í dagskrálok.



15.45 Santa Barbara. Bandarískur framhaldsþáttur. 16.30 Stjörnuvíg IV. Star Trek IV. Hin framtakssama áhöfn ætlar að þessu sinni að ferðast aftur til 20. aldarinnar. Aðalhlutverk: William Shatner, Leonard Nimoy og DeForest Kelley. Leikstjóri: Leonard Nimoy. 18.25 Pepsi popp. Íslenskur tónlistarþáttur þar sem sýnd verða nýjustu myndböndin, fluttar ferskar fréttir úr tónlistarheiminum, viðtöl, getraunir, leikir og alls kyns uppákomur. 19.19 19:19. Frétta- og fréttaskýringa-þáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi. 20.30 Klassapiur. Golden Girls. Gamannmyndaflokkur um hressar miðaldra konur sem búa saman á Flórída. 21.00 Ohara. Littil, snarpi lögregluþjóinninn og gæðablóðin hans koma mönnum í hendur réttvísinnar þrátt fyrir sérstakar aðfarir. Aðalhlutverk: Pat Morita, Kevin Conroy, Jack Wallace, Catherine Keener og Richard Ygniquez. 21.50 Flóttinn frá apaplánatunni. Escape from the Planet of the Apes. Myndin er sú þriðja í sérstakri vísindaskáldsöguröð sem gerð hefur verið um framtíðarsamfélag úti í geimnum. Aðalpersónurnar eru þrjú mannlægir apar sem hafa ferðast mörg hundruð ár aftur í tímann til að sleppa undan gæreyðingu heimkynna sinna úti í geimnum. Aðalhlutverk: Roddy McDowall, Kim Hunter og Bradford Dillman. 23.25 Daisy Miller. Hin góðkunnna leikkona Cybill Shepherd fer með hlutverk Daisy Miller, konu sem fór sínar eigin leiðir og gerði sjálfri sér. Aðalhlutverk Alan Alda, Barbara Harris og Meryl Streep. 0.55 Svarta beltö. Black Belt Jones. Spennumynd sem fjallar um baráttu svartabeltishafans Jones við glæpahring sem gerir iðkaðar tilraunir til þess að leggja karate-skóla í rúst. Aðalhlutverk: Jim Kelly, Gloria Hendry og Scatman Crothers. Ekki við hæfi barna. 2.20 Dagskrárlök.



Rás 1 FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfregnir. Bæin, séra Kristinn Agúst Friðfinnsson flytur. 7.00 Fréttir. 7.03 Í morgunsárið með Ingvaldi Ólafsdóttur. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustu-greinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. 9.00 Fréttir. 9.03 Litill barnatíminn - „Kári litli og Lappi“. Stefán Júlíusson les sögu sína. (4) (Einnig lesin um kvöldið kl. 20.00.) 9.20 Morgunleikfimi. Umsjón: Halldóra Björnsdóttir. 9.30 Kviksjá - Að eiga bróður í blóð-sugunni. Skáldið Sjón rabbar um hrollvekur. (Endurtekið frá þriðju-dagskvöldi.) 10.00 Fréttir. Tilkynningar. 10.10 Veðurfregnir. 10.30 Maðurinn á bak við bæjarfulltrúann. Umsjón: Finnþógi Hermannsson. (Frá Ísafirði.) 11.00 Fréttir. 11.03 Samhljómur. Umsjón: Margrét Vilhjálmsdóttir (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti mánudaginn 6. mars.) 11.55 Dagskrá. 12.00 Fréttayfirlit. Tilkynningar. 12.20 Hádegisfréttir. 12.45 Veðurfregnir. Tilkynningar. 13.05 Í dagsins önn - Skólaávarðan. Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson. 13.35 Miðdegissagan: „Blóðbrúð-kaup“ eftir Yann Queffelec. Guðrún Finnbogadóttir þýddi. Þórarinn Eyfjörð les. (17.) 14.00 Fréttir. Tilkynningar. 14.05 Ljúffingslög. Svanhildur Jakobsdóttir kynnr. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.) 15.00 Fréttir. 15.03 Samantekt um íslenska bankakerfið. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.) 15.45 Þingfréttir. 16.00 Fréttir. 16.03 Dagbókin. Dagskrá. 16.15 Veðurfregnir. 16.20 Barnaútvarpið - Símatíminn. 17.00 Fréttir. 17.03 Tónlist á síðdegi. Göran Sölscher, Michala Petri og Sin-fóniuhljómsveitin í San Francisco leika verk eftir Fernando Sor, Anton Heberle, Vittorio Monti, Silvius Leopold Weiss og Leonard Bernstein. 18.00 Fréttir. 18.03 Þingmál. Umsjón: Arnar Páll Hauksson. (Einnig útvarpað næsta morgun kl. 9.45.) Tónlist. Tilkynningar. 18.45 Veðurfregnir. 19.00 Kvöldfréttir. 19.30 Tilkynningar. 19.33 Kviksjá. Þáttur um menningar-mál. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir. 20.00 Litill barnatíminn - „Kári litli og Lappi“. Stefán Júlíusson les sögu sína. (4) (Endurtekinn frá morgni.) 20.15 Íslensk blásaratónlist. 21.00 Kvöldvaka. a. Þáttur af Sveini í Firði. Vilhjálmur Hjálmarsson flytur fyrri hluta frásögubátar um Svein Ólafsson, bónda og alþingismann í Firði í Mjóafirði. b. Einsöngur. Sigurveig Hjaltested syngur lög eftir Jónatan Ólafsson; Elín Guðmundsdóttir leikur með á pianó. c. Þjóðsögur og þættir. 22.07 Frá Alþjóðlega skákmótinu í Reykjavík. Jón Þ. Þór segir frá gangi mála í fjórðu umferð. 22.15 Veðurfregnir. 22.20 Lestur Passíusálma. Guðrún Ægisdóttir les 23. sálm. 22.30 Danslög. 23.00 Í kvöldkyrru. Þáttur í umsjá Jónasar Jónssonar. 24.00 Fréttir. 00.10 Tónlistarmaður vikunnar - Hróðmar Sigurbjörnsson. Umsjón: Leifur Þórarinnsson. (Endurtekinn Samhljómsþáttur frá deginum áður.) 01.00 Veðurfregnir. Næturútlit og samtengdum rásum til morguns.

11.03 Stefnuþót. Jóhanna Harðar-dóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar. 12.00 Fréttayfirlit. Auglýsingar. 12.15 Heimsblöðin. 12.20 Hádegisfréttir. 12.45 Umhverfis landið á áttatíu. Margrét Blöndal og Gestur Einar Jónasson leika þrautreynda gullaldartónlist. 14.05 Mill milli mála, Óskar Páll á útkíkki. - Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæheimi. 16.03 Dagskrá. Dægumálutvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ávar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. - Illugi Jökulsson spjallar við bændur á sjötta tímanum. - Þjóðarsálin, Þjóðfundur í beinni útsendingu að loknum fréttum kl. 18.03. 19.00 Kvöldfréttir. 19.33 Áfram Ísland. Dægurlög með íslenskum flytjendum. 20.30 Vinsældalisti Rásar 2. Óskar Páll Sveinsson kynnr tíu vinsælustu lögin. (Einnig útvarpað á sunnudag kl. 15.00.) 21.30 FRÆDSLUVARP: Lærum þýsku. Þýskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Bréfasólans. Sjöundi þáttur endurtekinn frá mánudagskvöldi. 22.07 Snúningur. Óskar Páll Sveinsson ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög. 23.45 Frá Alþjóðlega skákmótinu í Reykjavík. Jón Þ. Þór skýrir valdar skákir úr fjórðu umferð. 02.05 Rokk og nýbylgja. Skúli Helgason kynnr. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.) 03.00 Vökulögin. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00. 8.07 - 8.30 Svæðisútlit Norðurlands. 18.03 - 19.00 Svæðisútlit Norðurlands. 18.03 - 19.00 Svæðisútlit Austurlands.



7.30 Páll Þorsteinsson. Tónlist sem gott er að byrja daginn með, fregnir af veðri og færð. Fréttir kl. 8. Potturinn kl. 9. 10.00 Valdis Gunnarsdóttir. Föstudagstónlist. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba kemur með Halldór milli kl. 11 og 12. 14.00 Þorsteinn Ásgeirsson. Föstudagsskapið allsáðandi á Bylgjunni, óskaglasiminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór á sínum stað. 18.00 Fréttir. 19.00 Freymóður T. Sigurðsson. 20.00 Íslenski listinn. Ólöf Marín kynnr 40 vinsælustu lög vikunnar. 22.00 Þorsteinn Ásgeirsson á næturvakt. 2.00 Nætur dagskrá Bylgjunnar.



7.30 Jón Axel Ólafsson. 10.00 Helgi Rúnar Óskarsson. Þessi geðþrúði dagskrágerðarmaður er mættur aftur eftir smáfrí. Hann verður með nýtt popp og gamalt og blandar þessu skemmtilega trúkki og dyfu. 14.00 Gisli Kristjánsson. 18.00 Þægileg tónlist með kvöldverðinum. 19.00 Sigurður H. Hlökkversson 23.00 Darri Ólason. 4.00 Dagskrárlök.



Hljóðbylgjan Reykjavík FM 95,7 Akureyri FM 101,8

7.00 Réttum megin fram úr. Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist. 9.00 Morgungull. Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkjulegum hlutum. Afmælisveður- og óskaglasimarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.

12.00 Ókynnt hádegistónlist. 13.00 Perlu og pastaréttir. Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúður-blöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmælisveður eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga. 17.00 Síðdegi í lagi. Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttamast þýkir hverju sinni. 19.00 Ókynnt kvöldmatartónlist. 20.00 Jóhanna Jónasson í sínu sérstaka föstudagsskapi. Jóhanna spilar föstudagstónlist eins og hún gerist best. 24.00 Næturvakt Hljóðbylgjunnar. Þær gerast ekki betri. 4.00 Ókynnt tónlist til morguns.



10.00 Morgunstud. Guðs orð og bæin. 10.30 Alfa með erindi til þín. Margvislegir tónar sem flytja blessunarkenningarboðskap. 15.00 Í miðri viku. Endurtekið frá miðvikudagskvöldi. 17.00 Orð trúarinnar. Blandaður þáttur með tónlist, u.þ.b. hálfítmakennslu úr orðinu og e.t.v. spjalli eða viðtölum. Umsjón: Halldór Lárusson og Jón Þór Eyjólfsson. Endurtekið á mánudagskvöldum. 19.00 Alfa með erindi til þín, frh. 22.00 KÁ-lykillinn. Blandaður tónlistarþáttur með plötu þáttarinnar. Orð og bæin um miðnætti. Umsjón: Agúst Magnússon. 00.20 Dagskrárlök.



10.00 Rótartónlist Guðmundur Smári. 13.00 Tónlist. 15.00 Á föstudegi. Grétar Miller leikur fjölbreytta tónlist og fjallar um íþróttir. 17.00 Í hreinskilni sagt. Pétur Guðjónsson. 18.00 Samtökin '78. E. 19.00 Opíó. 20.00 FES. Unglingaþáttur í umsjá Gullu. 21.00 Upphaldslögin. Tónlistarþáttur, opið til umsóknar fyrir hlustendur að fá að annast þáttinn. 23.30 Rótardraugar. Lesnar draugasögur fyrir háttinn. 02.00 Næturvakt til morguns. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.



16.00 MH. 18.00 FÁ. 20.00 MS. 22.00 MR. 24.00 Næturvakt Útrásar. Sími 680288. 04.00 Dagskrárlök.



18.00-19.00 Hafnarfjörður í helgarbyrjun. Leikin létt tónlist og sagt frá menningar- og félagslífi á komandi helgi. 22.00-24.00 Útvarpsklúbbur Flensborgarskóla lætur gamminn geisa.




17.00 Um að vera um helgina. Listir, menning, dans, bíó og fleira. Ítarleg umfjöllun með viðtölum. Umsjón Hlynur Hallsson. 18.00 Handrið ykkur til hands. Loðfáfnir og Sýruskelfir í góðu gengi. 19.00 Peysan. Snorri Halldórsson spilar tónlist af öllum toga. Gestur kvöldsins leikur lausum hala. 20.00 Gatið. Húmanistar á mannlegu nótnum. Félagar í Flokki mannsins sjá um þáttinn e.t. 21.00 Fregnir. 30 mínútna fréttabáttur. Hvað ætlar fólk að gera um helgina? Viðtöl. 21.30 Samræður. Umsjón Sigurður Magnason. 23.00 Grautarpoturinn. Ármann Kolbeinsson og Magnús Geir Guðmundsson blúsa og rokka. 1.00 Næturlof. Næturvakt Ólundar.

Rás 1 kl 21.00:


Sveinn í Firði

Í kvöld flytur Vilhjálmur Hjálmarsson, fyrrum ráðherra, frásögubátt um Svein Ólafsson, bónda og alþingismann í Firði í Mjóafirði. Sveinn var fæddur á 1863 en lést 1949. Hann var ötull forystumaður í félags- og sveitamálum í sínu byggðarlagi. Sveinn var alþingismaður í 17 ár og einn af stofnum Framsóknarflokksins. Þátturinn um Svein í Firði er tekinn saman úr riti sem Vilhjálmur vinnur nú að um sveitunga sína í Mjóafirði.



Vilhjálmur Hjálmarsson, fyrrum ráðherra, segir frá sveitunga sínum, Sveini í Firði í Mjóafirði.

-JJ



Daisy Miller daðrar við ungu mennina og er ekki alltaf til fyrirmyndar.

Stöð 2 kl. 23.25:

Daisy Miller

Kvikmyndin um Daisy Miller fjallar um unga konu á Viktoríutímanum. Daisy var mjög frjálsgleg í fási og gerði reyndar allt sem hugur hennar stóð til. Oftast mislíkaði öðrum framkoma hennar enda hugsaði hún sjáldnast um afleiðingarnar sem bitnuðu á öllum öðrum. Hegðun hennar var reyndar mjög í mótsögn við tíðarandann þegar konur áttu að vera lítið áberandi.

Cybill Shepherd (Moonlighting) leikur þessa galsafengnu stúlku. Daisy er bandarísk en býr í Evrópu ásamt geðstírri móður og ósvínum bróður. Handritið er byggt á skáldsögu eftir Henry James en framleiðandi er Peter Bogdanovich. Myndin er frá árinu 1979 og gefur kvikmyndahandbókin henni 2½ stjörnu. Tálkun Cybill Shepherd á Daisy er að mati handbókarhöfundar fremur slök.

-JJ



Alfie Woodard og Mary Steenburgen í hlutverkum sínum.

Sjónvarp kl. 22.35:

Krossavík

Föstudagsmynd Sjónvarps fjallar um unga konu, Marjorie Kinnan Rawlings, sem flytur búferlum milli landsluta í Bandaríkjunum. Í New York-borg gengur lífið ekki of vel, einkalífið er í molum og ritstórfin ganga skrykkjótt.

Líf Marjorie breytist þegar hún flyst í sólina á Flórída. Hún kaupir miklar appelsínuekrur og hefur rákturnarstarf. Fólk í nágrenninu tekur henni vel og hún verður þátttakandi í gleði þess og sorgum. Smátt og smátt birtir í kringum Marjorie. Hún finnur ást og hamingju en glatar því aftur - en ritstórfin hafa aldrei gengið betur.

Myndin gerist á árinu 1928 og í aðalhlutverkum eru Mary Steenburgen, Rip Torn og Peter Coyote. Myndin fær 3 stjörnur hjá Maltin og sérstakt hrós fyrir falleg atriði.

-JJ